

Minnisblað

Viðtakandi: **Borgarstjóri**
Sendandi: **Mannréttindaskrifstofa/Anna Kristinsdóttir**
Dags.: **7. desember 2015**
Efni: **Minnisblað vegna málefna mosku**

Lóðúthlutanir Reykjavíkurborgar til trúfélaga.

Reykjavíkurborg markaði sér þá stefnu árið 1999, með vísan til almennra jafnræðissjónarmiða, að ekki ætti að gera upp á milli trúfélaga þegar kæmi að lóðaúthlutunum eða eða undanþágu frá gjaldtöku af lóðum eða tilbeiðsluhúsum trúfélaga¹.

Frá árinu 2000 til dagsins í dag hefur verið úthlutað eftirtöldum fjórum lóðum til trúfélaga í Reykjavík. Á fundi borgarráðs þann 2. nóvember 2006 voru gefin fyrirheit um úthlutun tveggja lóða til trúfélaga. Trúfélagi rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi voru gefið fyrirheit um úthlutun lóðar fyrir kirkjubyggingu á lóð á Nýlendureit og Ásatrúarfélaginu var gefið fyrirheit um úthlutun lóðar fyrir hof, með eða án safnaðarheimilis, á lóð í Leynimýri.

Á fundi borgarráðs þann 12. febrúar 2009 var samþykkt samhljóða að Thai Temple in Iceland Foundation, yrði úthlutað byggingarrétti fyrir Búddahof og tengdar byggingar á lóð nr. 12 við Hádegismóa². Á fundi borgarráðs þann 19. september 2013 var síðan úthlutað lóð við Suðurlandsbraut til Félags múslima á Íslandi.

Á sama fundi, þann 19. september 2013, bókaði borgarráð að það óskaði eftir því að Alþingi hæfi endurskoðun á þeim ákvæðum í lögum nr. 35/1970 um Kristnisjóð o. fl. sem kveða á um að sveitarfélögum sé skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Þar til og ef af slíkri endurskoðun verður, telur Reykjavíkurborg að það sé

¹ Reykjavík, vikublað 21. júní 2014, Svar borgarlögmans Kristbjargar Stephensen um heimildir borgarinnar til lóðaúthlutanna

² 12.2.2009 - - Fundur nr. 5060 - Borgarráð

eðlilegt með vísan til almennra jafnræðissjónarmiða, hlutverks Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar landsins og aukinnar fjölbreytni í trúarlífi borgaranna, að önnur trúfélög en kirkjur Þjóðkirkjunnar njóti sömu stöðu gagnvart Reykjavíkurborg þegar kemur að rétti til endurgjaldslausra lóða og undanþágu frá gjaldtöku af lóðum eða tilbeiðsluhúsum trúfélaga.

Fyrirvarar á úthlutunum lóða til trúfélaga.

Þann 27. apríl 2011 var lögð fram og samþykkt í skipulagsráði tillaga um að setja tímamörk í lóðaúthlutanir til trúfélaga þannig að lóðum yrði skilað aftur til borgarinnar eftir tvö ár ef framkvæmdir hefðu ekki hafist. Þá var einnig samþykkt að trúfélag skuli fyrir úthlutun lóðar upplýsa um fjármögnun framkvæmda.

Tillagan var eftirfarandi:

Tveimur lóðum var úthlutað til trúfélaga árið 2006 og einni árið 2009. Ekki hefur verið hafist handa við uppbyggingu á þessum lóðum en engar reglur eru til um það hversu lengi trúfélag getur haldið úthlutaðri lóð án þess að hefja framkvæmdir. Trúfélög greiða ekki gatnagerðagjöld af lóðum og þess vegna eru sveitarfélög með úthlutun lóða til trúfélaga að afhenda ákveðin gæði umfram það sem einstaklingar eða aðrir lögaðilar geta vænst að fá. Með tilliti til ofangreinds er lagt til að sérstakar reglur verði látnar gilda um framkvæmdahraða á lóðum trúfélaga. Þeim verði gert skylt að skila aftur til borgarinnar úthlutaðum lóðum þar sem ekki hefur verið hafist handa við framkvæmdir innan tveggja ára frá því að lóð er byggingarhæf. Trúfélög geri grein fyrir fjármögnun framkvæmda með sérstakri greinargerð fyrir úthlutun. Þeim trúfélögum sem nú þegar hafa fengið úthlutað lóðum í borgarlandi, en ekki enn þá hafið framkvæmdir, verði gefin sambærilegur frestur frá samþykki þessara reglna í borgarstjórn.

Skipulagsráð leggur til við borgarráð að ofangreindir skilmálar verði látnir gilda um lóðir sem úthlutað er til trúfélaga. Sömuleiðis að tímafrestur verði settur á þær lóðir sem þegar hefur verið úthlutað til trúfélaga.

Á fundi borgarráðs þann 26.5. var tillagan lögð fram í borgarráði ásamt umsögn Framkvæmda- og eignasviðs. Í þeirri umsögn kemur m.a. fram:

Við úthlutun ofangreindra lóða var í öllum tilvikum tekið fram í úthlutunarbréfum borgarstjóra að um lóðirnar giltu m.a. almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar.

Ennfremur kemur fram í umsögninni:

Tillaga sú, sem hér er til umfjöllunar, gerir ráð fyrir að í sérstökum reglum sem settar yrðu um lóðir trúfélaga væri kveðið á um að trúfélög skuli með sérstakri greinargerð gera grein fyrir fjármögnun

framkvæmda áður en þau fá úthlutað lóð. Tekið er undir þennan hluta tillögunnar, en gæta þarf þess, að ef trúfélagi er gefið fyrirheit um lóðarúthlutun, líkt og gert hefur verið, þá verði það með fyrirvara um að sýnt verði fram á trygga fjármögnun framkvæmda.

Í fundargerð borgarráðs frá 26. maí 2011 er eftirfarandi bókað við afgreiðslu borgarráðs á tillögunni:

Lögð fram umsögn framkvæmda- og eignasviðs frá 13.þ.m. um bréf skipulagsstjóra frá 28. f.m., sbr. samþykkt skipulagsráðs 27.s.m., varðandi framkvæmdahraða og reglur um lóðir til trúfélaga.

Í minnisblaði Borgarlögmanns til borgarstjóra dagsett 17. september 2013 (R13080019) vegna umsagnar þessarar kemur eftirfarandi fram:

Verður ekki annað ráðið af fundargerðinni en að borgarráð hafi ekki samþykkt tillöguna eins og hún lá fyrir heldur hafi borgarráð samþykkt umsögn framkvæmdasviðs, þar sem ekki var tekið undir annað í tillögunni en þann hluta er snéri að því að að setja sérstakar reglur, þar sem kveðið yrði á um að trúfélög skyldu með sérstakri greinargerð gera grein fyrir fjármögnun framkvæmda áður en þau fengju úthlutað lóð og jafnframt bent á að geta skyldi slíks fyrirvara við veitingu lóðafyrirheits.

Jafnvel þótt niðurstaðan væri sú að um ónákvæma bókun væri að ræða og að borgarráð hefði í reynd samþykkt tillöguna eins og hún lá fyrir, þá liggur fyrir að engar reglur hafa enn verið settar um sérstaka framkvæmdafresti eða skyldu trúfélaga til að gera grein fyrir fjármögnun framkvæmda.

Sökum afdráttarlausrar skyldu að lögum til að leggja til ókeypis lóðir undir kirkju verður að teljast afar hæpið að binda slíkar lóðaúthlutanir skilyrðum, s.s. um að viðkomandi söfnuður sýni fram á fjármögnun kirkjubyggingar enda þekkt að slíkar byggingar eru að miklu leyti fjármagnaðar með framlögum og styrkjum, s.s. úr Kirkjubyggingarsjóði eftir því sem framkvæmdum vindur fram. Með vísan til hinnar almennu jafnræðisreglu yrðu slík skilyrði ekki heldur sett gagnvart öðrum trúfélögum.

Af þessu má telja að ekki sé mögulegt að setja slík skilyrði við úthlutun lóða til kirkjubygginga nema með þeim hætti að settar yrðu sérstakar reglur sem borgarráð myndi samþykkja.

Afturköllun stjórnvaldsákvarðana.

Borgarlögmaður bendir á að lóð undir mosku í Sogamýri hafi þegar verið úthlutað og slíkt sé stjórnvaldsákvörðun. Stjórnvald geti afturkallað ákvörðun þ.e. verði það ekki til tjóns fyrir aðila eða hún sé ógildanleg. Afturkallanir ívilnandi stjórnvaldsákvarðana á borð við

lóðarúthlutun, telst almennt vera til tjóns fyrir viðkomandi. Svo ákvörðun teljist ógildanleg verður hún að vera haldin verulegum annmarka að lögum enda mæli veigamikil rök ekki gegn því að ákvörðunin verði ógilt. Borgarlögmaður fær ekki séð að það eigi við um þá stjórnvaldsákvörðun sem fólst í lóðauðthlutuninni til Félags múslima á Íslandi.

Um væri að ræða órofna stjórnsýsluframkvæmd sem ekki yrði breytt með íþyngjandi hætti gagnvart þeim sem hún varðar, nema að baki slíkri ákvörðun væru málefnalegar forsendur og verður þá slíkt aðeins gert með formlegum hætti og að undangenginni kynningu, þannig að þeir sem breytingin varðar, geti gætt hagsmuna sinna. Þegar litið er til þess hvað teljist til málefnalega sjónarmiða, verður að líta til þess hvort breytingin geti talist almenn eða varði fyrst og fremst eina lóðauðthlutun til trúfélags, sem tilviljun ræður að er síðast í röðinni að fá úthlutað lóð³.

Félög múslíma á Íslandi og fjármögnun mosku.

Sendiherra Sáði Arabíu tilkynnti forseta Íslands á fundi þeirra á Bessastöðum í mars s.l. að Sáði Arabía hygðist leggja til rúma eina milljón Bandaríkjadala til byggingar mosku hér á landi eða um 135 milljónir íslenskra króna⁴. Þrjú félög múslíma eru starfandi hér á landi. Félag múslíma á Íslandi, Menningasetur múslíma á Íslandi og Stofnun múslíma á Íslandi ses.

Félag múslíma á Íslandi er skráð trúfélag með 486 skráða félaga þann 1.1.2015 samkvæmt vef Hagstofu. Félagið var stofnað árið 1997 og var formaður félagsins kosinn Salmann Tamimi. Félagið festi kaup á húsnaði í Ármúla 38 árið 2001. Samkvæmt ársskýrslu félagsins var til þeirra kaupa stofnað með lántöku og sóknargjöldum.⁵ Félaginu var úthlutað lóð í Sogamýri undir mosku í mars 2013, en félagið hafði sótt um lóð hjá Reykjavíkurborg árið 2000.

Þegar tilkynning sendiherra Sáði Arabíu voru borin undir þáverandi formann félagsins, Ibrahim Sverri Agnarsson, taldi hann að ekki yrði byggð moska hér á landi án erlends fjármagns en ítrekaði um leið þá afstöðu Félags múslíma að þiggja ekki gjafir sem fylgdu skilyrði eða kvaðir⁶. Í október 2015 tekur Salmann Tamimi aftur við formennsku í félaginu. Í nóvember

³ Reykjavík, vikublað 21. júní 2014, Svar borgarlögmans Kristbjargar Stephensen um heimildir borgarinnar til lóðauðthlutanna.

⁴ forseti.is, frétt 5.mars 2015.

⁵ <http://www.islam.is/podlinki/menu/arsskyrsla2003.pdf>

⁶ Morgunblaðið. 6.apríl 2015.

2015 er kynnt tillaga að útliti mosku. Salmann er við það tækifæri spurður út í það, í viðtali við Ríkisútvarpið, hvernig félagið hyggist fjármagna byggingu mosku. Hann svarar „Ég er svo bjartsýnn. Við erum með 500 manns í félaginu. Ef 200 af þessum 500 borga milljón erum við komin með 200 milljónir, helminginn, vonandi eftir tvö ár verður allt fullbyggt. Ég er mjög bjartsýnn á að félagarnir hérna geti fjármagnað þetta,“⁷. Í viðtali við Stundina þann 3. desember s.l. þvertækur Salmann fyrir að Félag múslíma hafi nokkurn tímann fengið fé frá Sádi-Arabíu „ef við myndum sækja um styrk frá þeim þá myndum við fá hann strax. Við viljum engan styrk frá þeim,“ segir Salmann⁸.

Menningasetur múslíma er skráð trúfélag með 389 skráða féлага þann 1.1.2015 samkvæmt vef Hagstofu. Félagið var stofnað árið 2008. Forstöðumaður er Ahmad Taha S. Muhammad. Félagið er til húsa í Ýmishúsinu við Skógarhlíð og hefur leigusamning við Stofnun múslíma um afnot af húsnæðinu til ársloka 2023⁹. Í viðtali í Ríkisútvarpinu við í byrjun mars s.l. segir Ahmad „Við fengum ekki þennan fjárstyrk, hann er ekki ætlaður Menningarsetri múslíma“ „Við leigjum bara húsið en eigum það ekki. Það eru önnur samtök, fyrirtæki sem er ekki trúarlegt, sem á bygginguna“. Þar vísar Ahmad til sjálfseignarstofnunarinnar Stofnunar múslíma á Íslandi¹⁰.

Stofnun múslíma á Íslandi ses, er sjálfseignarstofnun sem skráð er í þjóðskrá árið 2010 og er forsvarsmaður stofnunarinnar skráður Hussein Al Daoudi, til heimilis í Svíþjóð. Hussein á persónulega 80 prósent hlut í Stofnun múslíma á Íslandi ses. samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2013 og tók hann við 1,25 milljón bandaríkjadala fyrir hönd félagsins af Saad bin Ibrahim Al-Ibrahim, sendiherra Sádi_Arabíu¹¹. Félagið keypti Ýmishúsið við Skógarhlíð í október 2012.

Fjárveitingu frá þriðja aðila til verkefna sem styrkt eru af Reykjavíkurborg.

Í minnisblaði fjármálastjóra Reykjavíkurborgar við fyrirspurn um hvaða reglur giltu um fjárveitingu til verkefna sem eru styrkt á einhvern hátt af Reykjavíkurborg, sem lagt var fram í mannréttindaráði þann 10. mars 2015, kemur fram:

⁷ <http://www.ruv.is/frett/200-manns-gefi-milljon-hver>

⁸ <http://stundin.is/frett/leyniskjal-sadi-arabia-hafi-hag-af-styrkja-felaga/>

⁹ <http://www.dv.is/frettir/2015/11/27/leigir-moskuna-10000-manudi/>

¹⁰ <http://www.ruv.is/frett/stofnun-muslima-a-islandi-fekk-peningana>

¹¹ <http://stundin.is/frett/leyniskjal-sadi-arabia-hafi-hag-af-styrkja-felaga/>

Borgarráð hefur sett styrkjareglur í svonefndri styrkjahandbók sem taka til meðferðar, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja, samstarfs- og þjónustusamninga hjá Reykjavíkurborg. Styrkir eru bæði veittir af borgarráði og fagráðum til félagasamtaka, fyrirtækja og/eða einstaklinga vegna ákveðinna verkefna. Verkefni geta verið af ýmsum toga. Styrkir eru ekki veittir til að fjármagna lögbundin verkefni borgarinnar. Borgarráð og fagráð veita styrki á grundvelli sérstakra fjárheimilda. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkur-borgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Við undirbúning styrkjaferils senda sviðstjórar fagráðum tillögur um áherslur í almennum styrkjum í samræmi við áherslur í starfsáætlun og forgangsröðun og stefnumótun fagráðs. Þegar áherslur fagráða liggja fyrir skulu áherslurnar birtast á vef viðkomandi fagsviðs. Þetta á að tryggja að styrkveitingar og samstarfs- og þjónustusamninga borgarinnar séu gerðir á grundvelli stefnumótunar borgarstjórnar. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar með skýrum hætti að þeir hlíti henni. Þessum skilmála er lýst í grein 2.4 í styrkjahandbókinni: Allir sem njóta styrkja borgarinnar eða eru viðsemjendur á grundvelli samstarfs- og þjónustusamninga skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni.

Álit Fjölmenningsborga (e.Intercultural Cities) á fjármögnun til byggingar mosku.

Reykjavíkurborg er aðili að verkefninu Fjölmenningsborgir, verkefni á vegum Evrópuráðsins. Reykjavíkurborg óskaði eftir því að fulltrúar þeirra borga sem eru aðilar að verkefninu upplýstu hvort upp hefðu komið álitamál um fjármögnun erlendra aðila við moskubyggingar. Í lokakafla þess álits kemur m.a. fram:

(E. In conclusion, foreign funding for mosques is taking place in almost all European states. As reactions to the new Austrian law have demonstrated, the banning of foreign donations for mosques is highly controversial - including in cases when donations are received from states violating human rights. At the same time, supporters of the construction of new mosques agree that it is important to carefully investigate where the money comes from and start a public debate on the nature of religious organisations and states behind the funding of mosques as well as what they preach.

It has also become visible that very often public debate is less about the funding of mosques, but rather about the general creation of a new mosque. Particularly right-wing groups criticize the size of new mosques and express their fear about a creeping 'islamisation' of Europe. Extremist parties use the fear of citizens by branding mosques as a symbol for a hostile Islam, threatening the values of the Western world. In this context, one must be careful to prevent an abuse of the debate on mosque donations and funding by right-wing groups aiming at preventing the building of new mosques in general for racist or extremist reasons. The best method to make sure that radicalized, dogmatic and propagandistic controversies about the building of new mosques do not prevail, is to establish an open, transparent process and a public dialogue on the project right from its start.)

Niðurstaðan er sú að í næstum öllum Evrópuríkjum hefur bygging mosku verið fjármögnuð með erlendu fjármagni. Eins og viðbrögð við lagabreytingu í Austurríki hafa sýnt, sem fól í sér bann við erlendum framlögum fyrir moskur, eru slík lagaákvæði umdeild, jafnvel í þeim tilvikum þegar framlög berast frá ríkjum sem brjóta gegn mannréttindum. Á sama tíma, hafa stuðningsmenn slíkra bygginga lagt áherslu á mikilvægi þess að fyrir liggi hvaðan fjármagn kemur til framkvæmdanna. Samhliða slíkum framkvæmdum fari enn fremur fram opinber umræða um eðli trúfélaga, hvað liggi að baki slíkri fjármögnun og hvert sé eðli boðunar í moskum.

Það hefur einnig komið í ljós að mjög oft snýr opinber umræða minna um hvernig moskur eru fjármagnaðar, heldur frekar almennt um byggingu mosku. Sérstaklega á þetta við um hægri hópa sem gagnrýna stærð nýrra moska og lýsa ótta sínum um að með þessum hætti sé verið að koma á íslamsvæðingu í Evrópu. Öfgahópar ýta þannig undir ótta samborga sinna með málflutningi um að moskur séu tákn fyrir óvinveitt íslam sem ógnar gildum vestrænnar menningar. Í þessu samhengi verður að vera á varðbergi því að umræða öfgamanna um fjármögnun mosku er oftast en ekki byggð á fordómum og öfgum sem miða að því að koma í veg fyrir byggingu mosku. Besta aðferðin til að tryggja að umræður um byggingu mosku fari ekki í neikvæðan farveg er að hafa allt ferlið gagnsætt frá byrjun og koma á opinskárrni opinberri umræðu um verkefnið

Niðurstaða.

Í ljósi alls ofangreinds er ljóst að úthlutun lóða undir tilbeiðsluhús og í framhaldi fjármögnun þeirra er vandmeðfarið.

Reykjavíkurborg hefur nú þegar sent tilmæli til Alþings um að hafin verði endurskoðun á þeim ákvæðum í lögum nr. 35/1970 um Kristnisjóð o. fl. sem kveða á um að sveitarfélögum sé skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Ekki virðist vera lagastoð fyrir því að breyta úthlutunarskilmálum þeirra lóða sem nú þegar hefur verið úthlutað undir tilbeiðsluhús og gilda því almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar um þær úthlutanir. Eins og fram kemur í minnisblaði borgarlögmans verður að teljast afar hæpið að binda slíkar lóðaúthlutanir einhverjum skilyrðum.

Byggt á reynslu annarra þjóða er mikilvægt að Reykjavíkurborg skýri á opinberum vettvangi þær reglur sem gilda um lóðaúthlutanir og opinber gjöld af tilbeiðsluhúsum og færi fyrir því rök hvers vegna það sama gildir um öll tilbeiðsluhús með vísan í jafnræðisregluna og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Foreign Funding of Mosques in Europe

1. Problem Identification

During the last decades, Europe has experienced an increasing number of disputes, debates and conflicts with reference to the belonging of Islam to European culture. The societal tensions around this issue have become most visible whenever plans for building new mosques in European countries have been published. This development has in February 2015 culminated in the Austrian parliament banning foreign funding for mosques and imams. Indeed, large amounts of foreign funding for European mosques stems from states led by authoritarian regimes which have been accused of violating human rights, such as, for example, Saudi-Arabia, Qatar, and Iran, confronting local policy-makers not only with legal, but also with ethical concerns. This paper sheds light on practices in terms of foreign funding of mosques in selected member states of the Council of Europe in order to provide guidance for policy-makers with respect to foreign donations and reactions from the public these donations have triggered.

2. Selected Case Studies

2.1 France

The Case of Strasbourg

In France, funding for mosques can originate from the private sector or foreign countries. When the construction of a Mosque of Strasbourg was decided it was financed as follows: 26% by the local authorities (8% Region, 8% department, 10% by the City of Strasbourg), the Kingdom of Morocco paid 39% and Kuwait and Saudi Arabia (14% together), the Muslim worshippers (25%).¹²

Public Reactions

When the Mosque was inaugurated, Front National openly criticized the funding, particularly for two reasons: First, by stating that the Napoleonic Concordat of 1801, which is still applied in Strasbourg, recognizes only four religious traditions (the Jewish, Catholic, Lutheran and Reformed), allowed to be financed by public authorities. Second, because they say that foreign funding is a threat and a source of pressure and intrusion on national affairs.¹³

Manuel Valls who was Minister of Internal Affairs at this moment and Roland Ries (mayor of Strasbourg) rejected the FN position saying that they were triggering hate and intolerance. In the end, Valls declared that foreign funding was not against the Principle of Laïcité but that on the contrary, it was a good means to increase the integration of Muslims in the French Republic.¹⁴

2.2 Germany

The Case of Cologne

In Germany, any private or public institution can give donations to non-profit mosque associations which are responsible for building mosques. The contributions need to be registered as donations. The main foreign donors for mosques are Saudi-Arabia, Iran and Turkey.¹⁵ The Cologne Central Mosque is a building currently under construction. After some controversy, the project won the

¹² http://fr.wikipedia.org/wiki/Grande_mosqu%C3%A9e_de_Strasbourg

¹³ http://www.lemonde.fr/societe/article/2012/09/27/le-front-national-denonce-les-financements-de-la-mosquee-de-strasbourg_1766977_3224.html

¹⁴ <http://www.france24.com/fr/20120927-inauguration-grande-mosquee-strasbourg-manuel-valls-islam-france-musulmans/>

¹⁵ <http://de.wikipedia.org/wiki/Moscheeverein#Finanzierung>

approval of Cologne's city council (all parties except the Christian Democrats voted in favor). The project is mainly financed by private donors and the state of Turkey.

Public Reactions

The project has been opposed by right-wing groups, and neo-Nazis. However, the criticism was mainly about the mosque itself, rather than on the funding. The local activist group Pro Cologne expressed the fear that the Cologne mosque will empower the Muslim population too much. In 2007, 200 people gathered in a protest organized by Pro Cologne against the mosque including representatives from the Austrian Freedom Party and the Belgian Vlaams Belang. The prominent author Ralph Giordano stated that he opposed the project as the mosque would be "an expression of the creeping Islamization of our land", a "declaration of war"¹⁶, "a bid for power and influence, a land grab"¹⁷.

The city's official for integration Marlis Bredehorst stated that "it is important that the Muslims here get dignified houses of prayer". The city's mayor, Fritz Schramma, who supports the project, said that "For me, it is self-evident that the Muslims need to have a prestigious place of worship". A poll taken by a local newspaper among 500 Cologne residents showed that the project is supported by 63%, of whom 27% want its size to be reduced.¹⁸

2.3 Ireland

The Case of Dublin

The Islamic Cultural Centre of Ireland is an Islamic complex, including a mosque, in Clonskeagh, Dublin, Ireland. It is funded by the al-Maktoum Foundation of Dubai and has a Sunni orientation. In 1992 Sheikh Hamdan bin Rashid Al Maktoum, Deputy Governor of Dubai and Minister of Finance and Industry in the United Arab Emirates, agreed to finance a piece of land including a building to house a school and later on agreed to sponsor the construction of an Islamic Centre on the same site. Construction of the ICCI began in 1994 and it was officially opened on November 16th 1996 by President Mary Robinson and Sheikh Hamdan Al Maktoum.¹⁹

In 2013, city planners in Dublin have given the go-ahead for the construction of an additional mosque complex. The development, to be built in Clongriffin, north Dublin, will become Ireland's largest Muslim Cultural Centre catering to the 40,000-strong community living in the capital. The application to Dublin City Council was submitted by an organisation called the Dublin Welfare Society. It was approved by planners and will cost €40m, which is believed to be coming from a backer in the United Arab Emirates.²⁰

Public Reactions

Local Labour member Tommy Broughan has filed an appeal against the city council's decision. His concerns are related to the size of the project and possible traffic problems, stating that the project's magnitude does not comply with the strategy of the county development and local area plan.

Abdul Haseeb, project co-ordinator for the Clongriffin Mosque Project has said "it gives a sense of positivity for the Muslim community in Ireland especially when there's so much negativity going on, particularly in the Middle East, and there's so much tension everywhere. It gives us a sense of belonging too.". Mr Haseeb said the next step in the development will be to build a community around it which would include non-Muslims. Local Labour TD Sean Kenny welcomed the An Bord Pleanala decision. "The mosque would be welcomed generally by people in the area," Mr Kenny said. "It would generate employment and lead to the completion of Clongriffin estate and some of the roads as well

¹⁶ <http://www.npr.org/templates/story/story.php?storyId=15043704>

¹⁷ <http://www.thetimes.co.uk/tto/news/world/europe/article2598388.ece>

¹⁸ http://en.wikipedia.org/wiki/Cologne_Central_Mosque

¹⁹ http://en.wikipedia.org/wiki/Islamic_Cultural_Centre_of_Ireland

²⁰ <http://www.independent.ie/irish-news/mosque-for-3000-gets-goahead-in-capital-29119030.html>

as completion of access to the dart station. It could also lead to greater occupancy of the vacant units."²¹

2.4 Austria

Austria's updated Islam Law

Islam has been an official religion in Austria since 1912. The Islam law, the "Islamgesetz", was brought in by the Habsburg Emperor Franz Joseph, after Austria's annexation of Bosnia-Herzegovina. Under the law, Muslims, like Catholics, Jews and Protestants, are guaranteed wide-ranging rights, including religious education in state schools. In 2015, Austria's parliament has passed an updated law on Islam. The section of the law which has drawn the most ire from Muslims inside and outside Austria restricts foreign funding for Austrian mosques and Islamic communities.²² Critics point out that equivalent laws do not exist for the Orthodox Christian and Jewish communities who also have foreign links. Minister of Foreign Affairs Sebastian Kurz said the law allows for one-time payments from abroad, and only bans continuous foreign funding. He added that all religious communities are subject to a constitutional principle dating back to the 19th century requiring them to finance themselves from within the nation's borders. However, the foreign minister conceded that the principle had only been reinforced with a specific law targeting foreign funding in the case of the Muslim community.²³

Public Reactions

After more than 100 years, most agree that the Islam law needs to be updated to reflect the realities of modern Austria. But some parts of the government's draft legislation have caused controversy, in particular the ban on any foreign funding for mosques or imams. The Islamic Community says that does not fit with the principle of equality.

Austria's Minister for Foreign Affairs and Integration Sebastian Kurz told Austrian Radio (ORF) that the ban was a necessary step: "With other religions, there is not the challenge that we have to fear influences from abroad and therefore have to be stricter with financing," he said. "We want an Austrian form of Islam. Every Muslim in Austria should be able to practise his religion properly, but we don't want influence and control from abroad." The far-right Freedom Party, which has seen a surge of support, has taken to warning against what it calls "Islamisation".²⁴

The Turkish president Recep Tayyip Erdoğan has strongly criticised the new law. In an interview with the Guardian, Sebastian Kurz suggested Erdogan's opposition to the law was motivated by fear of losing political influence on Austrian Muslims: "And this is maybe the point why Erdoğan is so critical about our Islam law. At the moment we have more than 60 imams from Turkey and in the future we will have our own Austrian imams."²⁵

3. Conclusion

In conclusion, foreign funding for mosques is taking place in almost all European states. As reactions to the new Austrian law have demonstrated, the banning of foreign donations for mosques is highly controversial - including in cases when donations are received from states violating human rights. At the same time, supporters of the construction of new mosques agree that it is important to

²¹ <http://www.irishtimes.com/news/social-affairs/religion-and-beliefs/ireland-s-largest-mosque-gets-approval-from-an-bord-plean%C3%A1la-1.1509586>

²² <http://www.bbc.com/news/world-europe-29814688>

²³ <http://www.theguardian.com/world/2015/mar/08/austria-foreign-minister-islam-funding-law-restricting>

²⁴ <http://www.theguardian.com/world/2015/mar/08/austria-foreign-minister-islam-funding-law-restricting>

²⁵ <http://www.theguardian.com/world/2015/mar/08/austria-foreign-minister-islam-funding-law-restricting>

carefully investigate where the money comes from and start a public debate on the nature of religious organisations and states behind the funding of mosques as well as what they preach.

It has also become visible that very often public debate is less about the funding of mosques, but rather about the general creation of a new mosque. Particularly right-wing groups criticize the size of new mosques and express their fear about a creeping 'islamisation' of Europe. Extremist parties use the fear of citizens by branding mosques as a symbol for a hostile Islam, threatening the values of the Western world. In this context, one must be careful to prevent an abuse of the debate on mosque donations and funding by right-wing groups aiming at preventing the building of new mosques in general for racist or extremist reasons. The best method to make sure that radicalized, dogmatic and propagandistic controversies about the building of new mosques do not prevail, is to establish an open, transparent process and a public dialogue on the project right from its start.